

VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR

MYNDHUGSUN ER NÁÐARGÁFA

Ástæða þessa pistils er að fagna því framtaki, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur haft forgöngu um, í málefnum fullorðinna lesblindra á undanföllum árum. Hugurinn leitar til þess liðna.

Ég hóf kennslu haustið 1972. Fyrsta árið kenndi ég 10 og 12 ára börnum í barnaskóla svo og 13–15 ára unglingum á Upphökuheimili ríkisins en þetta ár var fyrsta starfsár þess. Ég ákvað að einbeita mér að börnunum í barnaskólanum. Ég ætlaði að gera allt sem í mínu valdi stæði til að börnin gætu haldið áfram námi í sínum heimaskóla. Það kom mér, nýliðanum í kennslu, á óvart hversu mörg börn fóru illa læs og skrifandi úr 6. bekk (12 ára) barnaskólans upp í gagnfræðaskólann svokallaða.

Í kennaranáminu var ein lestrarkennsluáferð kennd, þ.e. hljóðlestraraðferðin sem flestir kannast við. Eitt af því sem einkennir hljóðlestraraðferðina er að kennslan hefst á því að svokölluð hljóðsaga er sögd og í hljóðsögunni koma fyrir orð sem byrja á hljóðinu (stafnum) sem verið er að kenna. Börnin leika sér síðan með hljóðin (stafina) sem eru oftast persónugerð og hljóðin (stafirnir) lenda í margvíslegum ævintýrum. Margir í eldri kantinum kannast við „X og Z sem voru hjón“ en flestir muna hvort var hvað. Eitt af því sem einkennir hljóðlestrar-áðferðina er að heiti stafs er aldrei nefnt, það á ekki að nefna stafina með heitum þeirra. Mörg börn hafa þó lært heitin á stöfunum heima áður en þau byrja í skóla. Lítið er gert með þá þekkingu.

Árið 1973 fór ég í framhaldsnám í kennslu „tornæmra og lestregra“. Þetta var á árdögum sérkennslunnar. Heiti hlutanna endurspeglar oftast viðhorf okkar á hverjum tíma. „Tornæmi og lestregða“ var tengt saman á þessum tíma og hafði áhrif á hvernig brugðist var við „lestregðunni“. Ég starfaði t.d. um tíma við stofnun sem hét Vanvitaskóli Kópavogs á launaseðlinum. Skólinn var til húsa í einum af grunnskólum bæjarins. Sum barnanna áttu fyrst og fremst við lestrarörðugleika að stríða en skólarnir höfðu gefist upp á þeim vegna mikilla hegðunarerfiðleika. Lestregða og hegðunarerfiðleikar fóru oft saman. Ég er sannfærð um að greiningar á náms-erfiðleikum barnanna voru vandaðar. Börnin, sem sóttu Vanvitaskólann, gerðu það í kjölfar sálfræðigreiningar. Byggt var á nýjustu þekkingu þess tíma. Ríkjandi viðhorf réð viðbrögðum skólanna við lestrarerfiðleikum.

Fyrirmyndin að framhaldsnáminu, sem áður er getið, var sótt til Noregs. Í framhaldsnáminu var hljóðlestraraðferðin ríkjandi, eins og í grunnáminu. Kennslan fór fram með svipuðum hætti nema nú var beitt mun fleiri brellum við að kenna hljóðin (stafina) því að það var ljóst að ekki lærðu allir að lesa í fyrstu umferð. Það var algengt að börn rugluðu formlíkum bókstöfum eins og b, d og p. Þá var talað um sjónræna lestregðu. Það var algengt að börn rugluðu hljóðlíkum stöfum

eins og b og p, d og t, f og v, og þ og ð. Þá var talað um heymræna lestregðu. Það var algengt að börn iðuðu í sætinu við lesturinn og klæddu sig úr peysunni þegar þau voru að lesa. Þá var talað um tilfinningalega eða geðræna lestregðu. Lestregðan var flokkuð í fleiri flokka eftir einkennum villnanna sem börnin gerðu og hegðun þeirra við lesturinn. Brellurnar, sem kenndar voru í framhaldsnáminu, eru enn notaðar. Litla b ber bumbuna, litla d dregur rassinn og stóra A breytist í apa í sérkennilegum stellingum svo dæmi séu tekin. Þessar brellur má sjá í mörgum kennslubókum. Nýjar brellur eru notaðar. Dregin er píla upp úr litla b-inu og önnur niður úr litla p-inu í þeirri trú að þetta hjálpi þeim sem eiga erfitt með að muna hvernig stafirnir (hljóðin?) eiga að snúa. Hjá einu barni var Y tré (hljóð eða stafur?) og Ý fugl uppi í tré (hljóð eða stafur?). Hvað var þetta barn að læra? Hjá öðru barni var L stígvél (hljóð eða stafur?). Dæmin eru endalaus. Hljóðin (í raun stafirnir) eru persónu- og hlutagerð sem aldrei fyrr. Ég velti því reyndar fyrir mér hvort hægt sé að persónugera hljóð? Hvað er í raun persónugert? Er það hljóðið eða stafurinn? Hvað er verið að kenna? Hvert hljóð (stafur) er allt í einu orðið að heilu ævintýri. Í dag geta börnin setið við sjónvarpstækin eða tölvurnar og horft á þessi hljóða- (stafa-) ævintýri sem fullorðna fólk heldur að flýti fyrir lestrarnáminu. Ég velti því stundum fyrir mér hvort hægt sé að horfa á hljóð? Er það ekki stafurinn í alls kyns grímuklæðum sem verið er að horfa á? Hvað erum við eiginlega að gera? Erum við að kenna hljóð, stafi, lestur, eða erum við að gera eitt-



Valgerður Jónsdóttir

hvað allt annað? Það er ljóst að fullorðna fólk er mjög skapandi. En það er kominn tími til að staldra við.

Árið 2003 boðaði ungur maður, Axel Guðmundsson, til eftirminnilegs fundar fyrir almenning í Ármúlaskóla (um þúsund manns sóttu fundinn) þar sem hann kynnti ný viðhorf til lesblindu eða dyslexíu og nýjar aðferðir til að sigrast á orsökum lesblindunnar. Axel er grafískur hönnuður. Hann átti við lesblindu að stríða sem barn og þekkir vel erfiðleikana, fjötrana og skömminna, sem fylgir því að vera lesblindur. Axel kynnti nýjar hugmyndir til sögunnar en höfundur þeirra, verkfræðingurinn Ron Davis, átti sjálfur við einhverfu og lesblindu að stríða sem barn. Davis var 38 ára gamall þegar hann uppgötvar að lesblinda er af starfrænum (functional) toga en ekki vefrænum (structural). Enn má sjá á heimasíðum mikils virtra stofnana að orsakir lesblindunnar séu af taugafræðilegum toga. Ég veit ekki um eina einustu rannsókn sem sannar að orsök lesblindu sé taugafræðileg eða vefræn. Davis vekur athygli á því að lesblinda, einhverfa, stærðfræðiblinda, skrifblinda, verkblinda og athyglisbrestur með og/eða án ofvirkni, snúist fyrst og fremst um skynjun sem einstaklingar þróa með sér frá því að þeir eru ung börn. Hann uppgötvar aðferðir til að stilla skynjunina og leiðrétta lesblinduna. Það að aðferðirnar virka virðist benda til þess að kenningin standist. Davis talar um náðargáfu og hann tengir saman lesblindu og afburðagreind. Hann vekur athygli á því að þeir sem eru lesblindir hugsa frekar í myndum en orðum. Það var aldrei hugleitt hér á árum áður að orsökina mætti finna í mismunandi hugsunarhætti. Áherslan var á villugerðina og hegðun barnsins við lesturinn. Ron Davis vekur athygli á því að orð skiptast í myndorð og myndlaus orð og sá sem er lesblindur (myndhugsuðurinn) ruglast við lestur myndlausra orða, vegna þess að merkinguna (myndirnar) vantar og hann getur þar af leiðandi ekki hugsað með orðunum. Eitt af því sem lesblindir, hvar sem er í heiminum, eiga sameiginlegt er að þeir ruglast á litlu, algengustu orðunum í málinu, svo sem, eða til dæmis, að, afar, alltaf, þá, þegar og svo framvegis. Þetta eru orð sem Davis bendir á að eru myndlaus. Þegar myndhugsuðir koma að myndlausu orði í texta skynja þeir eyðu. Davis vekur athygli á því að allar brellurnar (sem eru myndrænar) sem notaðar eru við lestrarkennslu lesblindra draga úr námshraða þeirra og verða smátt og smátt að hinum

eiginlegu lestrar- og námsörðugleikum. Hann kallar brellurnar hækjur og segir að þær veiti hugsanlega tímabundinn létti en verði síðan til að auka erfiðleikana. Lesblindukenning Ron Davis tekur til margra þátta. Það sem hefur verið nefnt hér er órlítið brot af því sem kenningin felur í sér.

Ég er ein af þeim sem leita stöðugt nýrra leiða til að gera betur. Ég starfaði sem sérkennslufulltrúi á Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis í 14 ár og leiddi þar margs konar þróunarstarf, t.d. um heildaraðferð Jörgen Frost en Markviss málörvun eftir Helgu Friðfinnsdóttur, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttur er m.a. afrakstur af því þróunarstarfi. Ég var mjög hrifin af LTG-aðferðinni þar sem lestrarkennslan er byggð á máli barnsins. Ég tel að eftir að Davis-leiðréttingu eða lestrarkennslu með Davis-námstækni er lokið eigi aðferðirnar nokkra samleið. Ég sótti fundinn athyglisverða í Ármúlaskóla og komst að því að ég vildi kynna mér lesblindukenningu Ron Davis nánar. Þar fann ég skýringar á ýmsu sem ég hafði upplifað sem sérkennari hér á árum áður og gat ekki útskýrt með þeirri þekkingu sem ég bjó yfir þá.

Ég hef fengið ómetanleg tækifæri til að fara með fyrrverandi nemendum mínum, m.a. úr Vanvitaskóla Kópavogs, í gegnum Davis-leiðréttingar. Ég bað þau um að koma í leiðréttingu til að kanna hvort það mundi breyta einhverju. Ég man hvar við vorum stödd þegar leiðir skildu fyrir tæpum þremur áratugum. Við skiljum í dag hvers vegna þau urðu ekki læs þá. Þekkingin, sem við búum yfir í dag, er allt önnur. Það er ekki við neinn að sakast. Í dag vitum við að einstaklingur, sem lærir að lesa með Davis-námstækni (5–8 ára) eða fer síðar á ævinni í gegnum Davis-leiðréttingu, ruglast ekki á b og p, d og t, f og v eða ð og þ. Það er ruglingur sem skapast þegar lært er að lesa með hljóðlestraraðferðinni. Við vitum að það eru nánast engar líkur á b, d og p snúningnum. Davis-aðferðin virkar þannig að einstaklingurinn nær fullkomnu valdi á þessum bókstöfum og nær að hafa stjórn á skynjun sinni þegar hann les þá. Hver bókstafur er sá bókstafur og ekkert annað. Þetta eru dæmi um það sem gerist þegar lært er að lesa með Davis-aðferðinni.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á heiður skilinn fyrir framsýni sína og skilning á lesblindu fullorðinna. Sennilega eru mörg þeirra sem sækja námskeiðin „Aftur í nám“ á svipuðum aldri og „treglæsu“, snjöllu, nemendurnir mínir úr Vanvita-

skólanum. Þau læra að þekkja og meta hinn myndræna hugsunarhátt, ná stjórn á myndrænu hugsuninni, taka til í stafasafninu og læra nýjar lestraráðferðir sem henta þeim. Þau vinna þannig með orð að þau geta hugsað með þeim. Tossastimpillinn rennur af þeim þó að minningin geti verið sár. Þau átta sig á því að þau eru ekki heimsk. Það er ekkert að þeim. Það er ekkert að þeim! Þau lærðu bara að lesa með aðferðum sem virkuðu ekki fyrir þeirra hugsunarhátt. Það er ekki við neinn að sakast. Þekkingin var ekki til þegar þau voru ung en hún er til í dag.

UM HÖFUNDINN

Valgerður Snæland Jónsdóttir er starfandi náms- og starfsráðgjafi. Hún útskrifaðist sem kennari frá Kennaraháskóla Íslands árið 1971 og lauk framhaldsnámi í sérkennslu frá sama skóla árið 1974. Hún hefur einnig lokið B.A. námi í sérkennslufræðum, M.Phil. námi í skólanámskrágerð og menntunarstjórnun frá University of Northumbria og diplománámi í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Að auki hefur hún réttindi sem Davis-lesblinduráðgjafi, Davis-skólaráðgjafi, Davis-námstæknikennari.

Valgerður hefur starfað sem kennari og sérkennari við Grunnskóla Kópavogs, sérkennslufulltrúi á Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis og sem skólastjóri Smáraskóla.